

Vélknúin fis

 Þjálfunarskýrsla

 Hæfnipróf

Flugjóð:

| | | | |
|------------------------------------|----------------------|-------------|------|
| Dags: | Kennari / Prófdómari | Lengd tíma: | Frá: |
| Lofftar – Tegundarheiti & Flokkur: | | Tími nr: | Til: |

Nemandinn:

Tímar:

| | | | |
|------------|------------------|----------|----------|
| Nafn: | Með kennara: | Einflug: | |
| Kennitala: | Heildarflugtími: | X-C frá: | X-C til: |

| | 1 | 2 | 3 | 4 | M |
|-----------------------------|---|---|---|---|---|
| Undirbúningur fyrir flug | | | | | |
| - Fyrirflugsskoðun | | | | | |
| - Gangsetning og uppkeyrsla | | | | | |
| - Gerð flugáætlunar | | | | | |
| - Öflun veðurupplýsinga | | | | | |
| Akstur | | | | | |
| Flugtak venjulegt | | | | | |
| - Stuttbrautarflugtak | | | | | |
| - Mjúkbrautarflugtak | | | | | |
| - Hliðarvindsflugtak | | | | | |
| - Hætt við flugtak | | | | | |
| - Klifur | | | | | |
| - Klifurbeygjur | | | | | |
| - Umferðarhringur | | | | | |
| - Beint og lárétt | | | | | |
| - Vængjavagg | | | | | |
| - Beygjur 0° - 30° | | | | | |
| - Krappar beygjur 30° - 45° | | | | | |
| - S-beygjur | | | | | |
| - Gormdýfa | | | | | |
| Hægflug | | | | | |
| Ofris án afls og án flapa | | | | | |
| - Ofris í flugtaksham | | | | | |
| - Ofris í aðflugsham | | | | | |
| - Ofris í landingarham | | | | | |
| - Viðbrögð við spuna | | | | | |

| | 1 | 2 | 3 | 4 | M |
|-------------------------------|---|---|---|---|---|
| Neyðarviðbrögð | | | | | |
| - Viðbrögð við hreyfilstöðvun | | | | | |
| - Viðbrögð við eldi | | | | | |
| - Viðbrögð við öðrum bilunum | | | | | |
| Varúðarlending | | | | | |
| Siglingarfræði | | | | | |
| - Flogið eftir korti / áætlun | | | | | |
| - Flug í slæmu veðri | | | | | |
| Lækkun | | | | | |
| - Lækkunarbeygjur | | | | | |
| - Vængskrið (ef við á) | | | | | |
| Lending venjuleg | | | | | |
| - Stuttbrautarlending | | | | | |
| - Mjúkbrautarlending | | | | | |
| - Hliðarvindslending | | | | | |
| - Marklending | | | | | |
| - Hætt við landingu | | | | | |
| Fjarskipti | | | | | |
| Frágangur eftir flug | | | | | |
| Annað: | | | | | |
| - Flugstjórnarsvæði | | | | | |
| - Talstöðvatíðnir | | | | | |
| - Einflugsundirbúningur | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |

Athugasemdir varðandi tímann:

Skýringarmynd ef við á:

| |
|--|
| |
| |
| |
| |
| |

Stigagjöf, skýringar:

| | | | | |
|----------|-----|-----------|------------|----------|
| Mjög góð | Góð | Viðunandi | Óviðunandi | Munnlegt |
| 1 | 2 | 3 | 4 | M |

Niðurstaða hæfnisprófs

- Fullnægjandi – stóðst hæfnipróf
 Ófullnægjandi

Ég staðfesti hér með að hafa lesið og skilið innihald þessarar skýrslu:

Nemandi: _____

- Prófdómari:
 Kennari: _____

Nánari skilgreining á þjálfunaratríðum og hugtökum:

Undirbúningur fyrir flug

Hugtakið "undirbúningur fyrir flug" skýrir sig sjálf – það tekur yfir allan undirbúning, frá því mætt er á staðinn þar til farið er á loft.

Öflun veðurupplýsinga

Öflun upplýsinga í samræmi við fyrirhugað flug, bæði það sem má afa áður en mætt er á flugstað, sem og þær upplýsingar sem afa má á staðnum (hvaða upplýsingaleiðir eru tiltækar?)

Gerð flugáætlunar

Gerð flugáætlunar í samræmi við fyrirhugað flug og fengnar veðurupplýsingar. Tilkynningar til t.d. flugturns um fyrirhugað flug. Fleira, t.d. forsendur brautarvals?

Fyrirflugskoðun

Skoðun loftfars fyrir flug. Mikilvægustu atriðin eru hvort magn olíu og eldsneytis sé nægjanlegt fyrir flugið, en einnig þarf að framkvæma skoðun á þeim hlutum físsins sem sýnilegir eru og líklegir eru að verða fyrir hnjski við almenna notkun og geymslu.

Gangsetning og uppkeysla

Leyfa hreyflinum að hitna (ef vatnskældur), prófa báðar kveikjur ef við á. Athugun á hleðslu, stilla hæðarmæli o.s. frv. Taka þarf tillits til sérkenni viðkomandi físs, ef einhver eru.

Akstur

Almennt öryggi og fyrirhyggja í akstri, t.d. meðferð nef- eða stéhljósstýringar, beiting vængs eða stýriflata vegna vinds o.s. frv.

Flugtak venjulegt

Öll flugtök sem eru ekki stutt/mjúk/hliðarvinds eða að öðru leyti sérstök.

Stuttbrautarflugtak

Flugtak þar sem markmiðið er að komast á sem skemmstri vegalengd yfir 15 metra hindrun eftir flugtak – brunað með lágmarks loftviðnámi þar til tilteknum hraða er náð, og síðan klifrað bratt upp fyrir 15 metra. Lengd sjálfs flugtaksbrunsins er ekki aðalatriðið. Réttnefni: *hindrunarflugtak*.

Mjúkbrautarflugtak

Flugtak þar sem markmiðið er að lyfta físinu frá jörðu á sem stystri vegalengd, og geta eftir það aukið hraðan í t.d. öruggan klifurhraða áður en byrjað er að klifra að ráði.

Þessi aðferð á við á stuttum brautum og þegar yfirborð brautar er gljúpt eð þungt yfirferðar, og á í raun við um langflest flugtök á Íslandi.

Réttnefni: *stuttbrautarflugtak eða skammbrautarflugtak*.

Hliðarvindsflugtak

Framkvæmd flugtaks í það miklum hliðarvindi að huga þurfi að beitingu vængs / stýra í akstri og flugtaksbruni.

Hætt við flugtak

Hætt er við flugtak og stöðvað fyrir brautarendu. Ef brautarlengd leyfir má físið vera komið á loft þegar hætt er við (sýnir enn meiri hæfni).

Flugæfingar

Hér eru allar "venjulegar" stjórnbeitingar á flugi.

Klifur

3 megin-"gerðir": Flatt klifur (farflugsklifur), Venjulegt klifur (besta hækkun) og Bratt klifur (brattasta klifurhorn).

Klifurbeygjur

Klifurbeygjur með tilgreindum halla $\pm 10^\circ$.

Umferðarhringur

Hefðbundinn umferðarhringur – innkomur í umferðarhring, hægri/vinstri umferðarhringur...

Beint og lárétt

Halda hæð $\pm 100' = \pm 30m$ og stefnu $\pm 10^\circ$, og halda þeim hraða sem tilgreindur er $\pm 10\%$

Vængjavogg

Þetta á einungis við um 3-ásá físa: Halla vængjum $20-45^\circ$ á hvora hlið, og halda skrokkstefnu eftir fóngum (miða nefi á sama punkt á sjóndeildarhring). Vegna neikvæðra áhrifa hallastýra mun físið hafa tilhneigingu til að jaga andstætt hallanum, og þarf að beita hliðarstýri hæfilega til að halda skrokkstefnu. Hallamælir (kúla) mun eðli málsins samkvæmt velta fram og til baka. Halda hæð $\pm 100' = \pm 30m$ og stefnu $\pm 15^\circ$.

Beygjur $0^\circ - 30^\circ$

Allar beygjur með minni en 30° halla, þar sem hæð er óbreytt ($\pm 100' = \pm 30m$).

Krappar beygjur $30^\circ - 45^\circ$

Allar beygjur með meira en 30° halla. Góð æfing er t.d. krappar beygjur í "áttu" (tveir 270° hringir á hægri og vinstri, hver á eftir öðrum). Flugmaður þarf að halda hæð meðan æfingin er framkvæmd, eða a.m.k. leiðréttu ákveðið gegn hækkun/lækkun án þess að ofgera. Halda hæð eftir bestu getu. Viðunandi nákvæmni er ca. $\pm 1m$ pr. gráðu (t.d. $30^\circ = \pm 30m$, $45^\circ = \pm 45m$, $60^\circ = \pm 60m$).

S-beygjur

Beygt viðstöðulaust til hægri og vinstri á víxl með $30-45^\circ$ halla, stefnubreytingar $45-90^\circ$, halda hæð. Halda hæð eins og um krappar beygjur væri að ræða.

Gormdýfa

A.m.k. 2-3 hringir til hægri eða vinstri með $30-45^\circ$ halla, hreyfill í hægagangi, hraði meiri en farflugshraði.

Hægflug

Flug á hraða sem er minna en 30% yfir frishraða (aðflugshraði eða hægjar). Almenn stjórnök og flatar beygjur rétt yfir frishraða. Þetta skal framkvæma í öruggri hæð yfir jörðu.

Ofris án afis og án flapa

Tvennskonar:

- 1) Aðflug að ofrisi: Flughraði minnkaður þar til vart verður fyrstu einkenna um yfirvofandi ofris (titringur, vængur eða nef byrja að falla o.s.frv.).
- 2) Full ofris: Físið stingur sér þrátt fyrir gagnstæð stjórnök.

Markmiðið er að flugmaður þekki hin ýmsu ofriseinkenni og hvernig skal bregðast við til að stöðva ofris með sem minnstu hæðartapi.

Ofris í flugtaksham

Ofris á fullu afli eða klifurafli. Ræðst af gerð físsins.

Ofris í aðflugsham

Ræðst af gerð físsins: Litlir flapar og hjól uppi ef físið er þannig útbúið.

Ofris í lendarham

Ræðst af gerð físsins: Fullir flapar og hjól niðri ef físið er þannig útbúið.

Viðbrögð við spuna

Hallastýri í miðju, hliðarstýri gegn snúningsátt, hæðarstýri fram þar til flughraða er náð.

Munnlegt, þ.e. þessi æfing er ekki framkvæmd nema gerð físsins leyfi viljandi spuna.

Neyðarviðbrögð

Almenn neyðarviðbrögð. Þetta fer að mestu leyti fram munnlega.

Viðbrögð við hreyflstöðvun

Viðbrögð þegar líkt er eftir hreyflstöðvun: Dregið er skyndilega af afli í bröttu klifri, og flugmaðurinn skal umsvifalaust setja físið í svifstillingu, svipast um eftir lendarstað og tilgreina hann. Ef aðstæður leyfa er gott að láta gera a.m.k. aðflug að lendarstaðnum, og gera fulla marklendingu ef hægt er. Þegar þetta er kennt skal byrjað í t.d. 500-1000m hæð.

Viðbrögð við eldi

Ræðst alfarið af gerð físs og búnaði þess, og er einungis munnlegt.

Viðbrögð við bilun í kerfum

Ræðst alfarið af gerð físs og búnaði þess, og er einungis munnlegt.

Varúðarlending

Lending sem ekki var áætluð (staður & stund), og framkvæmd er til að forðast yfirvofandi háska, t.d. ef grunur er um yfirvofandi bilun eða vegna veðurs. Gæta þess að loka eða breyta flugáætlun ef við á.

Þetta atriði þarf ekki endilaga að æfa, nægjanlegt að ræða það huga þarf að.

Siglingarfræði

Einungis notað í kennslu og þjálfun. Þetta skal kennt m/v aðstæður og búnað físsins.

Flogið eftir korti / áætlun / siglingatækjum

Skýrir sig sjálf. Ekki tekið fyrir nema munnlega í hæfnisprófum.

Flug í slæmu veðri

Skýrir sig sjálf. Ekki tekið fyrir nema munnlega í hæfnisprófum.

Lækkun

Prennskonar: Farflugs, hægflugs og neyðarlækkun.

Lækkunarbeygjur

Prennskonar: Flatar og krappar beygjur í farflugs, hægflugs og neyðarlækkun.

Vængskrið

Á ekki við um Svifdrekafis.

Lending venjuleg

Allar lendingar sem eru ekki stutt/mjúk/hliðarvinds eða að öðru leyti sérstakar.

Stuttbrautarlending

Lending þar sem markmiðið er að stöðva físið á sem skemmstri vegalengd eftir aðflug yfir 15 metra hindrun. Lengd sjálfs lendarbrunsins er ekki aðalatriðið. Rökréttara nafn: *hindrunarlending*.

Mjúkbrautarlending

Flugtak þar sem markmiðið er að lenda físinu á tilteknum stað, og stöðva á sem stystri vegalengd eftir að það snertir.

Rökréttara nafn: *stuttbrautarlending eða skammbrautarlending*.

Hliðarvindsending

Lending þegar hliðarvindur er umtalsverður. Vegna eðlis margra físa þarf lokastefna ekki að vera sú sama og brautarstefna (þ.e. ef aðstæður leyfa)

Marklending

Markmið: Hæfni flugmanns til að meta og framkvæma aðflugsferil til nauðlendingar. Æskilegast að markflug hefjist í talsverðri hæð, helst yfir eða nærri fyrirhuguðum lendarstað (reynir á hæfileka flugmanns til að meta/skipuleggja fyrirhugað flugferil)

Hætt við landingu

Fullt af gefið og klifrað í örugga hæð á hvaða stigi loka-aðflugs sem er, jafnvel eftir að físið er sest. Ef físið er þannig búið að það hafi verið í lendarham (flapar, hjól), skal físið sett í klifurham um leið og hæð og hraði leyfir.

Fjarskipti

Lágmarkskunnátta varðandi flugfjarskipti ef við á, þ.e. leggja inn og breyta flugáætlun, tilkynna upphaf eða lok flugs í físsvæði, og innkomu í eða brottför úr æfingasvæði.

Flugstjórnarsvæði

Lágmarkskunnátta á flugstjórnarsvæðum, þ.e. þekking muninn á C, D, E, F og G svæðum og kröfum sem þeim fylgja. Þekking hvar flugstjórnarsvæði eru við Hólmsheiði og hvaða reglur gilda um þau.

Talstöðvatíðnir

Þekking á þeim talstöðvatíðnum sem eru í gildi á og við Hólmsheiði ásamt takmörkunum þ.e. hæð og svæði.

Frágangur eftir flug

Fylla út dagbók flugvélar og flugmanns, frágangur flugvélar (skýli eða bundið) o.s.frv.